

## SAMÞYKKT

### um stjórn bæjarmálefna Ólafsfjarðarkaupstaðar.

#### I. KAFLI.

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar er skipuð 7 (sjö) bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58 frá 29. mars 1961.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Ólafsfjarðarkaupstað og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru falin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti. Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, eða samkvæmt annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna er taka til lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, og ennfremur ræður hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 51. gr.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

#### II. KAFLI.

##### Fundarsköp bæjarstjórnar.

##### 3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. varaforseta og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings fulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn áður en kjörtímabil hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu.

#### 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

#### 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal geta þess hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Í gerðabók skal bóka stuttlega um umræður og afgreiðslu mála.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

#### 7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn að jafnaði annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en kl. 24.00. Þó er heimilt að halda áfram fundi er  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkir. Bæjarstjórn getur ákveðið að fella niður fundi í júlí- og ágústmánuði. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum skal haldinn fundur einhvern næstu daga svo fljótt sem við verður komið.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra eða forseta eða ef 2 bæjarfulltrúar hið fæsta æskja þess.

#### 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda:

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58 frá 1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé tekið á dagskrá.

3. Lögmaeltar kosningar nefnda og starfsmanna svo og hvert það málefni annað sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna bæjarstjóra það skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en kl. 12.00 tveim dögum fyrir fund.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta fundar. Skal miða við að dagskráin berist bæjarfulltrúum fyrir kl. 20.00 tveim dögum fyrir fund. Einnig skal senda varabæjarfulltrúum dagskrá funda.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi munu liggja, tillögur, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem til upplýsinga geta orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr. skal að jafnaði boðað til hans með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir til um, nema bæjarstjórn ákveði aðra röðun.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa það afbrigði.

#### 9. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda skal auglýsa á a. m. k. tveim stöðum í bænum með a. m. k. 24 klst. fyrirvara.

#### 10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum af fundi.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram tillögu svo og breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál skal afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skal hagað.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og liða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

## 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 2 bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta í skrána í réttri röð í stað nafna þeirra er fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

## 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls, í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal tala úr ræðustól nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef  $\frac{2}{3}$  bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

## 15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarskóp.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti leyfi.

## 16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi er á mælendaskrá.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur slíta fundi.

## 18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum ber með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli teknir á segulband til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjöllum hennar.

## III. KAFLI.

## Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

## 19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúa skal skylt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum. Gæta skal hann þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga sem hann kann að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúi.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmálanna.

## 20. gr.

Bæjarfulltrúa er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

## 21. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn skv. ákvörðun hennar.

## 22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, sem hefur verið kosinn í nefnd, eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til þess að taka sætið á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 5. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

## IV. KAFLI.

## Bæjarráð.

## 24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert skal kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð og þrjá til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjórið. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs og stjórna þeim.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi hálfsmánaðarlega, að jafnaði á fimmtudegi. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundurinn er haldinn og hvenær, tölur funda og hverjir sitja fundinn. Þá skal greina frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Bæjarráð getur leyft að flokkur sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

## 25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal gera tillögur til bæjarstjórnar í þeim málum, sem fyrir bæjarráði liggja.

Þó er bæjarráði heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

## 26. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Ennfremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahús- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og leikskóla o. s. frv. allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnarinnar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið mála.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

## 27. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

## V. KAFLI.

## Kosning nefnda, o. fl.

28. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar:

## A. Á fundi í júní ár hvert:

1. Bæjarráð, þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara.
2. Byggingarnefnd, fjórir aðalmenn, þar af tveir bæjarfulltrúar og tveir utan bæjarstjórnar, og fjóra til vara á sama hátt.
3. Hafnarnefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
4. Vatns- og hitaveitunefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
5. Félagsmálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Heilbrigðisnefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
7. Menningarmálanefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
8. Landbúnaðarnefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
9. Fegrunarnefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
10. Tómtundanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
11. Framtalsnefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
12. Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
13. Kjörstjórn við alþingiskosningar, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
14. Sölu- og leiguibúðanefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
15. Endurskoðendur reikninga Ólafsfjarðarkaupstaðar og stofnana, tvo aðalmenn og tvo til vara.
16. Fulltrúa á fjórðungsþing Fjórðungssamband Norðlendinga, tvo aðalmenn og tvo til vara.
17. Fulltrúa í stjórn Tjarnarborgar sf., tvo aðalmenn og tvo til vara.
18. Fulltrúa á aðalfund Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar hf. þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
19. Fulltrúa á aðalfund Útgerðarfélags Ólafsfjarðar hf. þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Ennfremur fulltrúa í stjórn félagsins og einn til vara.
20. Fulltrúa á aðalfund Hótelis Ólafsfjarðar hf., þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Ennfremur fulltrúa í stjórn félagsins, tvo aðalmenn.
21. Fulltrúa á aðalfund Flóabátsins Drangs hf., einn aðalman og einn til vara.
22. Fulltrúa á aðalfund Norðurbrautar hf., einn aðalman og einn til vara.

## B. Á fundi í júní að loknum bæjarstjórnarkosningum:

1. Skólanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Skólanefnd tónskóla, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
3. Náttúruverndarnefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
4. Umferðamálanefnd, einn aðalman og einn til vara.
5. Atvinnumálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Áfengisvarnarnefnd, sex aðalmenn og sex til vara.
7. Húsaleigunefnd, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
8. Stjórn Sjúkrasamlags Ólafsfjarðar, fjóra aðalmenn og fjóra til vara.
9. Stjórn heilsugæslustöðvar sjúkrahúss og dvalarheimilis, fjóra aðalmenn og fjóra til vara. Starfsfólk kýs fimmta mann í stjórn og einn varamann.
10. Stjórn verkamannabústaða, þrjá aðalmenn og þrjá til vara.
11. Fulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalman og einn til vara.



12. Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, tvo aðalmenn og tvo til vara.
  13. Stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar, fimm aðalmenn og fimm til vara.  
Ennfremur 7 fulltrúa á aðalfund sjóðsins.
  14. Endurskoðendur reikninga Sparisjóðs Ólafsfjarðar, tvo aðalmenn og tvo til vara.
  15. Forðagæslumaður, einn aðalmann og einn til vara.
  16. Sáttamenn, tvo aðalmenn og tvo til vara.
  17. Sjó- og verslunardóm, fjóra aðalmenn og fjóra til vara.
- C. Aðrar nefndir skv. sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

#### 29. gr.

Nefndir sem starfa á vegum bæjarstjórnar skulu kjósa sér formann. Formenn nefnda skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar og stjórnar fundum þeirra.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað til funda í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða nauðsynleg málefni.

Bæjarstjórn ákveður þóknun fyrir setu í nefnd.

#### 30. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verkvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er óákveðinn, skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.

#### 31. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar, sbr. þó 1. tl. 1. mgr. 8. gr.

#### 32. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar.

Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál. Auk þess annast byggingarnefnd um skipulagsmál og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau.

#### 33. gr.

Hafnarnefnd annast hafnarmálefni samkvæmt hafnalögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri og skal hann sitja fundi nefndarinnar.



## 34. gr.

Vatns- og hitaveitunefnd skal annast umsjón og eftirlit með rekstri vatns- og hitaveitu, og gera tillögur til bæjarstjórnar um málefni stofnananna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi nefndarinnar.

## 35. gr.

Félagsmálanefnd skal fjalla um framfærslumál, barnaheimilismál, leikvallarmál, unglingavinnu, þjónustu við aldraða og hvers konar almenna félagslega þjónustu og gera tillögur til bæjarstjórnar um þessi málefni. Einnig skal nefndin fjalla um barnaverndarmál.

Bæjarstjóri skal sitja fundi nefndarinnar.

## 36. gr.

Menningarmálanefnd skal hafa umsjón með málefnum bæjarbókasafns og skal einnig vinna að menningarmálum almennt í sveitarfélaginu.

## 37. gr.

Landbúnaðarnefnd skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um landbúnaðarmál. Hún skal einnig sjá um fjallskil.

## 38. gr.

Fegrunarnefnd skal fylgjast með fegrunar- og umgengnismálum í sveitarfélaginu og gera tillögur til bæjarstjórnar um þau mál.

## 39. gr.

Tómstundanefnd skal fjalla um íþrótt- og æskulýðsmál, málefni og rekstur íþróttamannvirkja og svo tómstundamál almennt.

## 40. gr.

Umferðarmálanefnd skal skipuð sex aðalmönnum og sex til vara. Bæjarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara. Aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum, einn frá hverjum: Kvinnadeild S. V. F. Í., karladeild S. V. F. Í., bæjarfógeta, klúbbum Öruggur akstur, Ólafsfjarðardeild Félags ísl. bifreiðaeigenda.

Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu, og vinna að umferðarfræðslu.

## 41. gr.

Atvinnumálanefnd skal vinna að uppbyggingu atvinnulífs í Ólafsfirði og vera bæjarstjórn til ráðuneytis um atvinnumál.

## 42. gr.

Stjórn heilsugæslustöðvar, sjúkrahúss og dvalarheimilis aldraðra skal annast umsjón og eftirlit með rekstri fyrrgreindra stofnana og gera tillögur til bæjarstjórnar um málefni stofnananna.

## VI. KAFLI.

## Endurskoðendur.

## 43. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir störf sín eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

#### 44. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

### VII. KAFLI.

#### Bæjarstjóri.

#### 45. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

#### 46. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem bæjarstjórn gerir og framkvæmd á málefnum bjarins yfirleitt, að því leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skyld er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtals-tíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bjarins.

#### 47. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur og bjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt bjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

#### 48. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur í för með sér verulegan kostnað, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórn eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs sbr. 2. mgr. 25. gr. samþykktar þessarar.

#### 49. gr.

Útgjöld sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarráð ávisi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

50. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum það. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VIII. KAFLI.

Starfsmenn bæjarins.

51. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Lausar stöður skal auglýsa til umsóknar nema bæjarstjórn ákveði annað, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda við ráðningu í stöður hjá bæjarfélaginu svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið á um starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 frá 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin Samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ólafsfjarðarkaupstaðar nr. 229 25. september 1964.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

Jón S. Ólafsson.

**REGLUGERÐ**

**um búfjárhald í Ólafsfirði.**

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts, skipulagðs bjarlands Ólafsfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn skal láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í bjarlandi og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka.